

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Kringla.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði sem tilheyrir landi Kringlu í Grímsnesi breytist í sumarbústaðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 656

4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Reykjanes.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði sem tilheyrir landi Reykjaness í Grímsnes og Grafningshreppi er tekið undir sumarbústaðasvæði þar sem gert er ráð fyrir 14 lóðum 0,65 - 1,3 ha að stærð og sameiginlegu svæði fyrir leiksvæði og skógrækt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 657

4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Vaðnes.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Endurprentað blað.

Um er að ræða breytingu úr landbúnaðarlandi í sumarbústaðasvæði (frístundabyggð). Land það sem um ræðir er 2,5-3,0 ha og er á milli Höskuldslækjar og núverandi sumarbústaðasvæðis í landi Vaðness.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

4. október 1999

Nr. 658

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, Hverhamar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, frá 19. maí 1994.

Lóðinni Hverhamar er breytt úr íbúðarlóð í verslunar- og þjónustulóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

6. október 1999

Nr. 659

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á suðvestur Hvaleyrarholti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2. september 1999 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á suðvestur Hvaleyrarholti sem samþykkt var 10. janúar 1990, breytt 25. október 1995 og 26. mars 1996 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í að hætt er við verslunar- og þjónustusvæði við Háholt og svæðinu skipt í leikskóla- og íbúðarlóð.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.